

Skagafjörður
Jón Örn Berndsen,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Skagfirðingabraut 21
550 Sauðárkrókur

Umhverfisstofnun
Áb. _____
20 JULI 2009
54.22
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. júlí 2009
Tilvísun: UST20090300010/áb

Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021

Vísað er til bréfs skipulagsfulltrúa Skagafjarðar dags. 27. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021. Bréfinu fylgja uppdættir og umhverfisskýrsla /greinargerð.

Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Náttúruminjar

Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Skagafjarðar 2005-2017, dagsett 11. apríl 2006, var bent á að ekki væru öll svæði á náttúruminjaskrá sýnd á aðalskipulagsuppdætti. Það hefur verið lagfært að mestu leyti á núverandi sveitarfélagsuppdætti. Ennþá vantar svæði nr. 413, 415 og 416. Einnig eru mörk svæðis nr. 418 ekki í samræmi við þau mörk sem tilgreind eru í náttúruminjaskrá. Svæði upp við norðanverðan Hofsjökul eru sýnd sem svæði á náttúruminjaskrá en þau svæði eru ekki á skránni. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar er að finna gagnaskrár með upplýsingum um náttúruverndarsvæði og náttúruminjar fyrir helstu landupplýsingakerfi (www.ust.is/Natturuvernd/Natturuminjaskra).

Í kafla 4.19.3 í greinargerð segir m.a.:

"Margar náttúruminjar eru á náttúruminjaskrá. Sú skrá er óskalisti eða biðlisti, fylgst er með náttúruminjum á skránni en þær eru ekki friðlýstar samkvæmt Náttúruverndarlögum." Umhverfisstofnun ítrekar skv. sinni fyrri umsögn "að á náttúruminjaskrá eru bæði friðlýst svæði og svonefndar aðrar náttúruminjar, þ.e. náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa og vernda, sbr. 68. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Stofnunin hefur ekki tök á að fylgjast með kerfisbundnum hætti með öllum þeim náttúruminjum sem eru á náttúruminjaskrá. Því telur stofnunin ekki rétt að fram komi í greinargerð að fylgst sé með náttúruminjum sem eru á skránni."

Í umfjöllun um friðlýsingur Orravatsnrústa í kafla 4.19.4 segir m.a.: *"Friðlýst svæði leyfi*

Baugslón og breytta veglínu skv. áætlunum." Í bréfi skipulagsfulltrúa Skagafjarðar, sem er svarað hér, kemur fram að *"Helstu breytingar sem gerðar hafa verið á aðalskipulagstillögunni eru m.a. að lagt er til að skipulagi verði frestað á áhrifasvæðum virkjananna við Villinganes og Skatastaði og miðlunarlóni á miðhálandinu, Baugslón."* Umhverfisstofnun telur ofangreinda umfjöllun um *"Baugslón og breytta veglínu skv. áætlunum"* ekki vera í samræmi við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagstillögunni. Af sömu ástæðu telur Umhverfisstofnun vera ósamræmi í að afmarka, á meðfylgjandi sveitafélagsuppdrætti aðalskipulagsins, hugsanlegt miðlunarlón á miðhálandinu.

Umhverfisstofnun telur að í umfjöllun um náttúruminjar í greinargerðinni, þar sem fram kemur að *"Umsögn Umhverfisstofnunar þarf að liggja fyrir vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfa á svæðum á náttúrminjaskrá og í þeim tilvikum sem hætta er á röskun á jarðmyndunum eða vistkerfum sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúrvernd."* Þurfi einnig að koma fram að leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Leita skal umsagnar og tilkynna stofnuninni um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúrminjaskrá.

Gróður / skógrækt

Í kafla 4.14.4 í greinargerð segir m.a.: *"Skógrækt verði eflað í Skagafirði, bæði til nytja og útivistar og skjólbeltarækt, bæði til skjóls og fegrunar."* Umhverfisstofnun hefur í umsögnum um aðalskipulagstillögur bent á mikilvægi þess að í aðalskipulagi sé gerð grein fyrir þeim svæðum sem ætluð eru undir skógrækt í samræmi við kafla 4.14.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 þar sem segir að sérstaklega skuli gera grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgæðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða. Ef skógræktarsvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á aðalskipulagsuppdrætti telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að núverandi og fyrirhuguð skógræktarsvæði séu sýnd á sérstöku þemakorti með aðalskipulaginu. Þannig fæst yfirsýn yfir stöðu skógræktar í sveitarfélaginu. Staða skógræktar innan sveitafélagsins í dag er gerð skil á þéttbýlisuppdrætti og þemakorti yfir ræktarland Norðurlandskóga. Umhverfisstofnun bendir á að upplýsingar um aðra skógrækt virðist takmörkuð.

Í stefnumörkun stjórnvalda til 2020, **Velferð til framtíðar - Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi**, kemur fram að: *"Forðast verið eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands."* Samkvæmt fylgigögnum aðalskipulagsins er að finna skógarleifar á nokkrum stöðum í Skagafirði, í flestum tilvikum birki. Umhverfisstofnun undirstrikar að verndargildi og útivistargildi birkiskóga er mikið og minnir á að náttúrulegir birkiskógar þekja nú aðeins 1,2% af landinu eða um 1200 km², sem er einungis um 5% af áætluðu flatarmáli þeirra við landnám. Samkvæmt 39.gr. laga um náttúrvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

Efnistaka


Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skal í aðalskipulag gera grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er efnistaka. Efnistökusvæði utan þéttbýlisstaða skulu sýnd á sveitarfélagsuppdrætti en efnistökusvæði innan þéttbýlis á þéttbýlisuppdráttum aðalskipulags. Í núverandi tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar eru námur á láglandi einungis sýndar á þemakorti, sem er ekki alveg í samræmi við reglugerð nr. 400/1998.


Í kafla 3.4.3 í umhverfisskýrslu kemur fram að "Námaskrá er stefnumarkandi fylgiskjal með aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021". Umhverfisstofnun bendir á að námuskrá Vegagerðarinnar inniheldur upplýsingar um efnisgæði og stöðu frágangs og efnisrannsókna. Námuskráin fjallar ekki um stefnu Vegagerðarinnar í umhverfismálum eða frágangi náma.

Frístundabyggð

Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar er víða skipulögð frístundabyggð, eins og kemur skýrt fram í greinargerð og á sveitarfélagsupprætti. Umhverfisstofnun ítrekar hér ábendingu í sinni fyrri umsögn, að "við skipulagningu frístundabyggðar eigi almennt að gera ráð fyrir opnu svæði meðfram ám og vötnum, a.m.k. 50 m breiðu, til að tryggja aðgengi almennings og þar með svæði fyrir almenna útivist, en ekki skilgreina svæði fyrir frístundabyggð alveg niður að vatns- eða árbakka. Stofnunin telur að á svæðum sem eru á náttúrminjaskrá eigi að miða við breiðara svæði, allt að 100 m breitt, þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, s.s. við Miklavatn í Fljótum."

Virðingarfyllt


Asgeir Björnsson
sérfræðingur


Kristín L. Arnadóttir
forstjóri